

Eru slökkviliðskarlar kynskúrkar? – birtist í Vísi 9. mars 20120

Það á ekki af Áströlum að ganga. Rétt um áratugur leið frá endurtekningu hamfaranna árið 2009, þegar eldur geisaði á ný í Viktoríuríki í suð-austur Ástralíu. Enn er ekki bitið úr nálinni með slökkvistarf. Slökkviliðsmenn hafa barist hetjulegri baráttu við eldanna hundruðum saman. Eitt hundrað sjötíu og þrjú mannslíf fóru forgörðum í fyrri harmleiknum, sem nefndur er Svarti laugardagurinn í sögu Ástrala.

Slökkviliðsmenn, sem leggja líf sitt í hættu í baráttunni við helvítisloga og eldglæringar, fá hins vegar helkaldar kveðjur á öðrum vígstöðvum. Þingmaður Vinstri-Grænna í Ástralíu, Larissa Waters, mætti á dögnum til blaðamannafundar með forvígismanni samtaka, sem segja sig berjast gegn heimilisofbeldi, Sherely Moody. Hin síðarnefnda sagði:

„Eftir þvílíkar hamfarir sem þessar, ris heimilisofbeldi til hæstu hæða. Almennt finna konur til geysilegs óöryggis, þegar karlar þeirra snúa aftur heim, eftir baráttuna við eldana, og beita þær heimilisofbeldi.“

Á Fésbókarsíðu sinni birtir Sherely lýsingu einnar kynsystur sinnar: „Þetta [ofbeldið] býr í honum – og það virðist sem honum sé um megn að stjórna tilfinningum sínum, eftir að baráttunni við eldana lauk. Hann rýkur viðstöðulaust upp. Áður fyrri var hann fær um að stjórna skapi sínu að einhverju marki eða skilja mátti að einhverju leyti auðsýnda reiði og bræði. ... Nú virðist hún brjótast út, þegar minnst varir.“

Sherely vísar til heimildar til að gæða ásakanir sínar trúverðugleika. Um er að ræða doktorsritgerð kvenfrelsarans, Debra Parkinson, við Monash háskólann, og grein hennar í „Australian Journal of Emergency Management“: „Hjúpuðu hamfarirnar: Heimilisofbeldi í kjölfar náttúruhamfara“ (The hidden disaster: Domestic violence in the aftermath of natural disaster).

Hugmyndafræðilegar forsendur rannsóknarinnar eru alkunna þeim, sem um áratugi hafa fylgst með kvenfrelsunarráttókum. Debra ýtir úr vör með þá sannfæringu; að karlar búi við forréttindi; að karlmennska feli í sér tilfinningalega bæklun; að konur búi einar við heimilisofbeldi og kynferðislegt ofbeldi.

Hún leggur sem sé út af kunnuglegum kennisetningum kvenfrelsunarfræðanna. Formóðir þeirra var skýrmælt um grundvallarkennisetninguna: „Karlinn er þrunginn tortímingu; harðneskjulegur [og] sjálfelskur. Hann unnir stríði, ofbeldi [og] sigurvinningi, miklast af sjálfum sér og leggur að fótum sér. Eins og í hinum veraldlega heimi sáir hann í siðferðið ósætti, glundroða, sjúkdómum og dauða.“ (Elizabeth Cady Stanton (1815-1902))

Um miðja nítjándu öldina var kynferðislegt ofbeldi eða áreitni karla ekki komið á áróðursdagskrá kvenfrelsaranna – nema vændi auðvitað. En nú er rauði þráðurinn í ásökunum þeirra af því tagi eins og lesa má: „Hugtakið, heimilisofbeldi, er yfirvarp (clean up word) fyrir barsmíðar á eiginkonum og ofbeldi á stefnumótum [karla gegn elskunum sínum].“ (Katherine Spillar) - „Það gæti snúist um tíðni [nauðgunar], megi á annað borð aðgreina atvinnunauðgarann og hinn dæmigerða ofríkiskarl.“ (Susan Griffin, f. 1943) – „[Nauðgun er] ásetningur allra karla og leið til að halda öllum konum í stöðugri skelfingu – nauðgun er í sjálfu sér ofbeldi, valdbeiting, ekki nautn.“ (Susan Brownmiller, f. 1935) - „Kynferðisleg áreitni merkir í sjálfu sér ekki að karla fýsi alla að serða okkur bókstaflega, þeir vilja einungis meiða okkur, kúga okkur, og hafa á okkur taumhald, en það er í eðli sínu serðing.“ (Catharine

Alice MacKinnon, f. 1946) - „Hvað nauðgurum viðkemur er erfitt að greina hafrana frá sauðunum. [Þ]ar af leiðandi gerum við ráð fyrir því, að allir karlar séu nauðgarar. Þetta er hinn hryllilegi sannleikur. Hér er um samfélagsvanda að ræða og þess vegna ber körlum að gangast við sameiginlegri ábyrgð sinni – öllum sem einum.“ (Linda Westerlund Snecker, f. 1983) - „Fullnæging konu við samfarir sýnir samvinnuvilja hennar gagnvart föðurveldinu. Kúgunin er fólgin í nautninni.“ (Sheila Jeffreys, f. 1948) - „Ekkert í samfélagi voru veldur meiri skelfingu, heldur en réttur karls til að þvinga kynlífshneigðum sínum á konu, sérhverja konu.“ (Michele Landsberg, f. 1939)

Rósin í hnappagati íslenskra kvenfrelsara, Drífa Snædal (f. 1973), slær á sömu strengi: „Kynbundið ofbeldi er ofbeldi sem karlar beita konur og staðfestir aldagamalt valdamisvægi kynjanna. ... Þannig hefur sameiginlega forsjáin gefið ofbeldismönnum enn eitt tæki í hendurnar til að stjórna lífi kvenna og barna, en yfirleitt eru þau stjórnæki sem tiltæk eru, notuð til að halda valdayfirráðum. Kynbundið ofbeldi er svo umfangsmikið vandamál að fullkomlega óábyrgt er að líta fram hjá því við lagasetningu eins og varðandi sameiginlega forsjá. ... Að líta fram hjá ofbeldi karls gegn konu inni á heimilinu er því að líta fram hjá ofbeldi gegn börnum. ... Algerlega er litið fram hjá félagslegu valdamisræmi milli kynjanna eða því að um ofbeldi geti verið að ræða. ... Ástæða þess að konur samþykkja sameiginlega forsjá þó það sé andstætt hagsmunum barnsins og/eða konunnar getur líka verið undirliggjandi hótun eða ógnun.“

Í hugskoti Drífu er skelfing kvenna og barna daglegt brauð. Venjubundið heimilislíf er hamför í sjálfu sér: „Hér á landi eru þúsundir kvenna og barna sem hræðast hversdaginn. Þau eru ekki örugg heima hjá sér, finna fyrir daglegum ótta, vanmætti og niðurlægingu. ... Ástæðan er kynbundið ofbeldi [þ.e. ofbeldi karla] sem þrífst í skjóli þagnarinnar, ...“

Vísindamaðurinn, Debra Parkinson, rær sem sé í sama báti og ofangreindar kynsystur. Hún skilgreinir heimilisofbeldi svona: „Heimilisofbeldi er kynbundið. Það felur í sér ofbeldi karla gegn konum. Ofbeldi af kvenna hálfu má hvergi nærri leggja að jöfnu, hvort heldur sem litið er til tíðni, alvarleika afleiðinganna eða tilfinninga fórnarlambins, er snerta velferð og öryggi.“

Í sambandi við rannsókn sína útfærir hún skilgreininguna svona: „Það er þýðingarmikið að líta heimilisofbeldi jafn alvarlegum augum í kjölfar hamfara [og áður], hvort heldur, að um sé að ræða einstakt tilvik eða ódæðismann með sjúkdómsgreininguna, áfallastreituröskun. ... Ofbeldi gegn konum felur í sér mannréttindabrot [...] og tekur til aðstæðna, eftir hamfarir, þegar karlar kunna að þjást.“

Við undirbúning rannsóknar sinnar komst Debra réttilega að því, að til væru „engar áreiðanlegar staðtölur, sem bæru vitni áhrifum hamfara á heimilisofbeldi ... [sem] sannreynði þann grun, að fáir vísindamenn hafi sýnt áhuga á því að skoða kynbundið ofbeldi [ofbeldi karla gegn konum] við hamfarir, þar eð slíkt er hvort tveggja örðugt viðfangsefni úr aðferðafræðilega sjónarhorni og erfitt að koma við.“

Og hvaða aðferð ætli Debra hafi beitt til að henda reiður á „muldri“ því, sem heyrst hafði um aukið ofbeldi slökkviliðskarla á hamfarasvæðunum. Hún tók viðtöl við þrjátíu konur, sem buðu sig fram til viðtals, annað hvort um reynslu sjálfra sín eða annarra kvenna. Sömuleiðis átti hún viðtöl við fjórtíu og sjö hjálparliða. Fólk bauð sig fram eftir auglýsingu, kynningu í dreifibréfi eða afspurn. Umræddum vísindamanni komu rýr viðbrögð á óvart, en skýrði takmarkaðan áhuga á rannsókninni með þöggun, þ.e. að fórnarlömbin hefðu verið kúguð til

þagnar. Þessi viðtöl, þ.e. óbeinar frásagnir, getgátur og hugboð, eru grundvöllurinn að þeirri niðurstöðu, að slökkviliðskarlar ráðist til grimmdarlegrar atlögu við elskurnar sínar, að hamförum loknum.

Ofangreind Sherely og Vinstri Græn Ástrala eru ekki ein um að nota þessa rannsóknarniðurstöðu til áróðurs. T.d. sagði dagblaðið, Öldin (Age) í fyrirsögn: „Rannsókn sýnir fram á aukið heimilisofbeldi á Svarta laugardegi.“ Þar er einnig að finna viðtal við Kötú, eina þeirra, sem Debra hafði átt viðtal við. Þar segir Kata m.a., að hún hafi „,orðið vitni að því, hvernig eiginkarlinn brotnaði niður, eftir að honum var skipað að berjast við eldana, meðan hún kom börnunum í skjól. Þegar ég lít um öxl [verður mér ljóst], að maðurinn, sem ég þekkti, dó þetta kvöld og heim kom maður honum keimlíkur, en ókunnugur samt. Ég hljóp upp um hálsinn á honum og faðmaði hann að mér. Ef allt væri með felldu hefði hann faðmað mig á móti. En ég vafði stytta örmum.““ ... „Kata sagði karl sinn stöðugt hafa orðið einhverfari og beitt hana ofbeldi í orðum og tilfinningum. Hann hvarf á vit Bakkusar, drakk óhæfilega og reyndi að fyrirfara sér, áður en hann var greindur með áfallastreitu.“

Málið er allt hið sorglegasta. Ruslvísindum er beitt í kynjahatursumræðu, sem í sjálfri sér er hjákátleg og vanhugsuð, en verður sífellt alvarlegri og afdrifaríkari fyrir líf og hamingju karla og kvenna. Kynin (öll) róa í sama báti og á sömu mið, þegar upp er staðið. Andstyggilegur og rætin áróður stjórnámamanna fylgir svo í kjölfarið. Það er ekki síður sorglegt, að fræðasamfélagið skuli þegja þunnu hljóði og að fjölmiðlar skuli gagnrýnislaust flytja slíkan boðskap. Það er þó engin nýlunda. Annar kvenfrelisari, hin gáfaða Christina Hoff Sommers (f. 1950), sem margt skynsamlegt hefur rætt og ritað um kynjakífið, sagði um dæmigerðan málatilbúnað og vísindi kvenfrelsunarkynsystra sinna: „Gerið rannsókn, lýsið yfir neyðarástandi (kreppu), æsið stjórnámamennina upp.“ Og svo mætti að sönnu við bæta: Krefjist fjárveitinga og sjóða, gerið fleiri rannsóknir og komið á fót skrifræði.

Við hljótum að taka undir orð norður-ameríska félagsfræðingsins, Steven Goldberg, (f. 1941), sem þegar árið 1973 benti á kvenfrelsunarfræðafúskið: „Það er [vísinda]blekking, þegar kvenfrelsarar í nafni fræðilegra rannsókna, eru svo fúsir til að upphugsa staðreyndir, hafna þeim eða taka til sín, eftir því, hvernig [staðreyndirnar] höfða til tilfinninga þeirra.“

Við hljótum sömuleiðis að taka undir orð prófessorsins, Janice Anne Fiamengo (f. 1964): „Það er einlæg von mín, að sá dagur renni upp, að fólk líti vantrúað um öxl á hatur það og lygar, sem taldar voru [gildar] vísindarannsóknir.“

Höfundur er ellilífeyrisþegi. Þýðingar eru hans.